
Minnisblað

Dagsetning: 4. Júní 2015
Höfundur: Embætti landlæknis
Viðtakandi: Ríkisstjórn Íslands
Málsnúmer/skjalalykill: 1504111/3.1.0

Efni: Áhrif yfirstandandi verkfalla

Embætti landlæknis hefur með jöfnu millibili leitað eftir mati stjórnenda heilbrigðisstofnana á áhrifum yfirstandandi verkfalla. Síðast með minnisbréfi til heilbrigðisráðherra 26. maí sl. Ljóst er að margra vikna verkfall BHM auk uppsafnaðs vanda vegna verkfalls lækna síðastliðinn vetur hefur skapað mjög erfitt ástand í heilbrigðiskerfinu. Nú hefur verkfall hjúkrunarfræðinga bæst við og hefur það staðið yfir í eina viku.

Stjórnendur stofnana hafa notað hugtök eins og *fordæmalaust ástand* og *neyðarástand* yfir þær aðstæður sem hafa skapast, þrátt fyrir að allt sé gert sem hægt er til að tryggja lágmarkspjónustu og öryggi sjúklinga. Sýnt þykir að núverandi aðstæður skapi verulega ógn við öryggi sjúklinga. Ástand heilbrigðisþjónustunnar er nú með þeim hætti að mikil óvissa, óöryggi og ótti ríkir, bæði hjá sjúklingum og starfsfólki. Í hnotskurn má segja að ekki verði hægt að tryggja öryggi sjúklinga og getur því ástandið valdið ómældum og óbætanlegum skaða. Það er þegar ljóst að fjölmargir sjúklingar hafa orðið fyrir verulegum óþægindum, drætti á greiningu og töfum á meðferð og munu áhrif þess aukast í stigvaxandi mæli eftir því sem verkföllin dragast á langinn. Ljóst er að það tekur langan tíma að meta það tjón sem sjúklingar hafa orðið fyrir, en Embætti landlæknis mun að sjálfsögðu gera nánari úttekt á áhrifum verkfalla þegar þeim lýkur. Það mun einnig taka langan tíma að vinna úr þeim uppsafnaða vanda, sem hefur skapast við þessi langvarandi verkföll.

Álit Embættis landlæknis

Í ljósi þeirra gagna sem embættið hefur undir höndum frá viðkomandi stofnunum og frá einstökum sjúklingum er rík áhersla lögð á alvarleika málsins. Verkföllum verður að ljúka tafarlaust, ef ekki á illa að fara. Það ástand sem hefur skapast er ópolandi og kemur til með að valda óbætanlegu tjóni fyrir fjölda sjúklinga og skaða heilbrigðisþjónustuna bæði til skamms tíma og til lengri tíma litið. Stjórnvöld bera nú ábyrgð á því að ljúka þessu ástandi með einum eða öðrum hætti.